



## Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykshólahrepps  
Miðvikudaginn 15. júní 2022 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykholum.

Mætt; Arnþór Sigurðsson, Jóhanna Ösp Einarisdóttir og Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Ráðgjafar frá Alta ráðgjöfum sátu fundinn undir lið 3 og 4 á dagskránni og fulltrúar úr sveitarstjórn Reykshólahrepps.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Jóhanna Ösp bauð fundarfólk velkomið á fyrsta fund nefndarinnar í kjörtímabilinu. Hún kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust. Þá spurði hún heftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Nefndin skiptir með sér verkum.

*Jóhanna Ösp Einarisdóttir eru kjörinn formaður nefndarinnar og Arnþór Sigurðsson varaformaður. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnaneftdar 9. maí 2022

*Farið yfir fundargerðina.*

#### 3. 1903004 - Breyting á aðalskipulagi Reykshólahrepps, vindorka í Garpsdal.

Nefndin samþykkir að breytingatillagan verði hluti tillögu að nýju aðalskipulagi sem auglýst verði á næstunni, ásamt umhverfismatsskýrslu, skv. 31. gr. skipulagslaga og 15. grein laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. einnig bókun um mál nr. 2004013 undir lið nr. 4. Samþykkt samhljóða.

#### 4. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykshólahrepps

Lögð fram og kynnt aðalskipulagsgögn sem hafa verið lagfærð í samræmi við minnisblað skipulagsráðgjafa, dags. 30.3.2022, sem fjallað var um á fundi nefndarinnar þann 7.4.2022. Minnisblaðið hefur verið uppfært í samræmi við afgreiðslu nefndarinnar þann dag og er nú lagt fram að nýju, dags. 15.6.2022.

Framlögð skipulagsgögn hafa jafnframt verið uppfærð m.t.t. ákvörðunar ráðherra, dags. 5.4.2022 um að skilgreina skuli iðnaðarsvæði í Garpsdal sem varúðarsvæði með vísun í 3. og 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og n-lið í gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð

nr. 90/2013, sbr. einnig fundargerð sveitarstjórnar þann 25.4.2022.

Einnig lögð fram tillaga landeiganda að afmörkun þjónustusvæðis á Brekku fyrir lýðskóla og ferðabjónustu og samþykkir nefndin að svæðið verði hluti aðalskipulagstillögu. Formaður nefndarinnar vék af fundi undir afgreiðslu þessarar málgreinar.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að framlögð aðalskipulagstillaga, með framangreindri breytingu í landi Brekku, ásamt umhverfisskýrslu, verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samþykkt samhljóða.*

**5. 2111007 - Endurnýjun Reykhólafnar, dýpkun.**

Lagt er fram erindi frá siglingasviði Vegagerðarinnar varðandi dýpkun í Reykhólhöfn fyrir framan nýjan viðlegukant. Kostnaður framkvæmdar á bilinu 10– 15 millj. og er styrkhæft að 75%.

*Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar að veita fjármagn allt að kr. 3,7 millj. í dýpkun hafnarinnar á árinu 2022. Samþykkt samhljóða.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**6. 2201001 - Ársreikningur Reykhólahrepps 2021, hafnarsjóður, Reykhólaveitur og leiguíbúðir.**  
Lagðir eru fram ársreikningar hafnarsjóðs, Reykhólaveitna og leiguíbúða.

*Nefndin fór yfir ársreikningana og gerir ekki athugasemdir við þá. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2206004 - Umsókn um lóð fyrir gámahús.**

Lögð er fram umsókn og teikningar frá Þörungaverksmiðjunni dagsett 14. júní 2022.

*Nefndin hafnar umsókninni. Samþykkt samhljóða.*

Fundi slitið kl. 17.14

Fundargerð undirrituð rafrænt.